

Fyrirspurn

**til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um starfsemi
Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði.**

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hefur ráðherra breytt þeirri ákvörðun að sviðsstjóri fiskeldismála hjá Hafrannsóknastofnun ásamt sérfræðingum verði með aðsetur á Ísafirði frá og með árinu 2018 líkt og fram kom í tilkynningu 6. október 2016 frá þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra? Ef svo er, hvaða rök eru fyrir því?
2. Ef ákvörðuninni hefur ekki verið breytt, hvað tefur að starfsemin flytjist á Ísafjörð?

